

Nd.

69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til jafnmargra varamanna og aðalmanna, þó ekki færri en þriggja varamanna.

Varamenn á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmenn, þannig að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir hinum kjörnu aðalmönnum.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun félagsmálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um einstök atriði þess.

Frumv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Þeirri reglu hefur verið fylgt, að framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, skuli hafa rétt til jafnmargra varamanna. Þegar framboðslisti hefur aðeins fengið kosna einn eða tvo aðalmenn, þá kemur það fyrir, að varamenn eru ekki fyrir hendi til þess að taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í stað forfallaðs aðalmanns, og getur þá svo farið, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd verði óstarfhæf.

Til þess að ráða bót á þessu er í frumvarpinu lagt til, að lögum um sveitarstjórnarkosningar verði breytt á þá leið, að enginn framboðslisti fái færri en þrjú varamenn.

Þá er lagt til, að felld verði burtu 2. mgr. 33. gr. laganna, þar sem ákveðið er, að fyrsti varamaður taki sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður taki sæti annars aðalmanns o. s. frv. Þessu ákvæði mun ekki hafa verið fylgt í framkvæmd, og er í frumvarpinu ákveðið, að varamenn taki sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, án tillits til þess, hvaða aðalfulltrúi hefur forfallast.“